

**Nd.**

## **121. Breytingartillögur**

við frv. til l. um bókhald.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. 2. gr., sbr. 3. gr., skulu færa, eftir því sem við á, bækur þær og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.
2. Við 6. gr. 2., 3. og 4. málgr. falli niður.
3. Við 7. gr. 2. málgr. falli niður.
4. Við 8. gr.
  - a. 6. tölul. orðist svo: Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku tilfelli eru nauðsynlegir til þess, að bókhaldið gefi rétt yfirlit um rekstur og efnahag fyrirtækisins.
  - b. Niðurlag síðustu málgr., frá „aðalbók“ og út málgr., falli niður.
5. Við 9. gr. Heimilt er þeim, sem færa tvöfalt bókhald, að færa bækur þær, sem um ræðir í 5. til 8. gr., sem lausblaðabækur, en þá skal jafnframt færa niðurstöður bókana mánaðarlega inn í sérstaka innbundna og tölusetta aðalbók, er skal vera löggilt, og má þá jafnframt nota hana sem efnahagsbók.